



MOSFELLSBÆR

Launastefna Mosfellsbæjar

Í Mosfellsbæ ríkir virðing gagnvart ólíkum störfum og starfsfólk starfar sem ein heild þvert á svið og stofnanir.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins. Forstöðumaður mannauðsdeildar er fulltrúi bæjarstjóra í að framfylgja launastefnu og jafnlaunastefnu sveitarfélagsins.

Launastefnu Mosfellsbæjar er ætlað að styðja við farsælan rekstur sveitarfélagsins. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Umfang og eðli starfs hefur áhrif á laun og ræðst af mörgum þáttum, svo sem reynslu, þekkingu, hæfni, ábyrgð, álagi, mannaforráðum, menntun, samstarfshæfileikum, stjórnun og verkefnum.

Starfslýsingar skulu vera til fyrir öll störf. Í starfslýsingu koma fram allir meginþættir starfs.

Laun skulu ákvörðuð í samræmi við ofangreindar forsendur um þekkingu, hæfniþætti og ábyrgð í starfi. Allar ákvarðanir er varða laun skulu framkvæmdar samkvæmt verklagsreglum í gæðakerfi Mosfellsbæjar (VLR-090). Allar launaákvarðanir skal vera hægt að rökstyðja. Tryggja skal að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Telji starfsmaður sig ekki rétt launaraðaðan getur viðkomandi óskað eftir að laun verði rýnd á grunni gildandi verklagsreglna jafnlaunakerfis Mosfellsbæjar og ákvæða laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Launastefna þessi samræmist mannauðsstefnu Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær hefur framkvæmt jafnlaunaúttekt PWC og hlotið gullmerki PWC 2018.